



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
til heiðurs
forseta Eistlands Arnold Rüütel og
frú Ingrid Rüütel
4 May 2004**

Heiðraði forseti Eistlands
Arnold Rüütel og frú Ingrid Rüütel
Virðulegir gestir

Við fögnum hér í kvöld góðum vinum og gleðjumst yfir þeirri traustu samvinnu sem þróast hefur milli þjóða okkar.

Það er í senn ævintýri og kraftaverk hvernig Eistlendingum hefur tekist á rúmum áratug að festa sjálfstæði sitt í sessi, leggja grundvöll að kraftmiklu markaðskerfi og framförum í efnahagsmálum og öðlast aðild að NATO og Evrópusambandinu.

Við upphaf þessarar árangursríku ferðar voru margir sem spáðu að illa mundi fara, en þjóð yðar, virðulegi forseti, hefur breytt þessari för í sannkallaða sigurgöngu. Eistlendingar hafa öðlast viðurkenningu og aðdáun annarra þjóða í álfunni og eru nú orðnir fullgildir þátttakendur í sköpun nýrrar Evrópu og við endurnýjun öryggissamvinnunnar sem kennd er við Atlantshafið.

Við Íslendingar höfum borði gæfu til að leggja ykkur lið í þessum efnum og fyrir í dag sóttuð þér heim Höfða þar sem stjórnmalasamband landanna, sjálfstæðisviðurkenningin, var undirrituð í ágúst 1991, viðburður sem er okkur öllum ógleymanlegur og markaði þáttaskil í veraldarsögu.

Íslendingar voru einnig meðal fyrstu þjóða sem eindregið studdu umsókn Eistlands um aðild að NATO og það er okkur fagnaðarefni að við upphaf nýrrar aldar erum við orðnar bandalagsþjóðir og einnig samvinnu þjóðir á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins, en hvort tveggja skapar

okkur fjölþætt tækifæri til að sinna sameiginlega brýnum verkum og þróa samráð um framtíðarstefnu.

Það er mikil breyting sem í því fellst að nú eru smærri ríki í fyrsta sinn í sögu NATO og Evrópusambandsins orðin öflug sveit við fundarborðið og geta þeirra til að láta að sér kveða hefur eflst að sama skapi. Aldrei fyrr hafa jafn mörg smærri ríki verið fullgildir aðilar að þróun álfunnar og verður fróðlegt að sjá hvaða áhrif það kanna að hafa.

Bæði Eistland og Ísland hafa nýtt sér hina hagkvæmu stærð til að ná árangri þegar öðrum hefur reynst förin torveld. Þessu til staðfestingar er athyglisvert að sjá hvernig Eistland og önnur Eystrasaltsríki hafa á margan hátt skarað framúr stærri þjóðum í austanverðri Evrópu og hvernig Ísland breyttist frá því að vera eitt fátækasta land álfunnar í að komast í fremstu þjóða heims að hagsæld og velmegun og verða á síðustu öld forysturíki við útfærslu landhelginnar og sköpun alþjóðlegra réttinda til að nýta auðlindir hafsins 200 mílur frá ströndum landa.

Hin nýja öld er af mörgum talin verða tími aukins lýðræðis og einnig þróunar samfélags þar sem upplýsingatæknin verður helsta hreyfiafl efnahagslegra og félagslegra framfara. Á báðum þessum sviðum hafa þjóðir okkar náð forskoti á aðra. Eistland hefur verið í fararbroddi hinnar nýju lýðræðisþróunar í Evrópu og Ísland nýtur þess að eiga elsta þjóðþing veraldar og hafa verið fyrsta ríki heims til að kjósa forseta í beinum almennum kosningum. Báðar þjóðirnar hafa tileinkað sér upplýsingatæknina í svo ríkum mæli að margir líta til okkar sem fyrirmyndar, skoða árangur okkar sem leiðarvísi um hvað framtíðin geti borið í skauti sínu.

Þjóðir okkar eiga svo sannarlega í vændum bjartan tíma ef við berum gæfu til að nýta fjölþætt tækifæri sem breytingarnar hafa skapað.

Samvinna þjóða okkar og annarra Norðurlanda við Eystrasaltsríkin þrjú getur orðið veigamikill burðarás í slíkri þróun. Það var tímanna tákn að við fögnuðum fyrr í dag aðild Eystrasaltsríkjanna að Norræna fjárfestingabankanum með sérstökum umræðufundi sem helgaður var bankastarfsemi á tímum alþjóðavæðingar. Ríkin átta, Norðurlönd og Eystrasaltsríkin, eru sannarlega öflug sveit þegar við stöndum saman og orðstír okkar og árangur gera okkur auðveldara að láta að okkur kveða, laða aðrar þjóðir til góðra verka.

Veröldin býr nú við vaxandi vanda á mörgum sviðum, hatursátök, mannfórnir og hefndarverk eru nánast daglegt brauð. Í slíkri veröld eru mikil forréttindi að búa í friðsömu og lýðræðislegu samfélag og mikilvægt er að við eflum í sameiningu varðstöðuna því til varnar.

Heimsókn yðar nú, virðulegi forseti, er okkur mikilvæg staðfesting á vinarhug Eistlendinga í okkar garð og ég fullvissa yður um að íslensku þjóðinni er kappsmál að varðveita um alla framtíð samstöðuna sem sköpuð var á ögurstundu í sögu þjóðar yðar.

Við munum á komandi árum styrkja enn frekar tengsl okkar með aukinni samvinnu á alþjóðavettvangi, nánari kynnum af menningu og lífsháttum og möguleikum fyrirtækja og athafnafólks til að efna til sameiginlegra sóknar á markaði víða um heim.

Í anda slíkrar framtíðarsýnar fögnum við yður, virðulegi forseti Arnold Rüütel og frú Ingrid Rüütel hér í kvöld og ég bið góða gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Eistlands og frú Ingrid Rüütel og til heilla ævarandi vináttu þjóða okkar.